

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 13. júní 2019 kl. 9:30, en þetta var 71. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, Reynir Tómas Geirsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar var forfölluð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (2. maí 2019) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

- a) Skjal fyrir líffærafræðiheftið, „hvelaheili“ (encephalon). Skjalið hefur nú verið lesið og lagfært af Hannesi Petersen. Listinn var afgreiddur á fundinum. JHJ gerði grein fyrir gangi vinnu við heftið sem er nokkurn veginn samkvæmt áætlun.
- b) Skjal um „malpractice“ sem nefndin hefur fjallað um áður en um er að ræða fyrirspurn frá Embætti landlæknis. Skjalið var rætt ítarlega á fundinum og niðurstaða fékkst sem fundarmenn voru sáttir við.
- c) Skjal um „validation“ og skyld hugtök en borist hafði ábending um að þetta vantaði í Orðasafn lækna. Skjalið var yfirfarið og afgreitt á fundinum.
- d) Útsendu skjali um stoma og -stomy var frestað til næsta fundar.

3. Önnur mál

Ekkert var á dagskrá undir þessum lið.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður, að loknum sumarleyfum, fimmtudaginn 19. september 2019, kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlstrar.

Fundi var slitið um kl. 10:40.